

Mál nr. 404/2015**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.****Kona varð fyrir meiðslum er miðstöðvarofn féll á fót hennar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 2.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.11.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 16. júní 2014 voru M og A, móðir hennar, að taka til í bílskúr í eigu M. Í málskoti kemur fram að á gólfí bílskúrsins hafi verið fristandandi ótengdur miðstöðvarofn úr pottjárni í um eins metra fjarlægð frá bílskúrsvegg. Hafi A hallað sér upp að ofninum með þeim afleiðingum að ofninn féll fram og A með. Hafi ofninn lent á hægri fæti M sem ristarbrotnaði við það.

Kveður M að A beri ábyrgð á slysinu og hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem A hefur í gildi hjá V. V telur að slysið megi rekja til óhappatilviks eða eigin sakar M og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin skýrsla liggur fyrir í málinu af hálfu A um slysið og tildrög þess. Af athugasemdum V verður á hinn bóginn ekki annað ráðið en ágreiningslaust sé með aðilum hvernig slysið varð eins og lýst er hér að ofan.

Ekki fór á milli mála að miðstöðvarofninn stóð frítt úti á gólfinu og hafði engan stuðning til að varna því að hann félli á gólfíð ef við honum var stjakað eða þungi lagðist á hann. A mátti vera þetta ljóst er hún hallaði sér upp að ofninum. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að það hafi verið vegna óviðráðanlegra atvika sem A hallaði sér á ofninn með þeim þunga að hann féll um koll. Verður að virða það A til gáleysis að hafa lagst á ofninn þannig að hann féll á fót M. A ber því ábyrgð á líkamstjóni sem M varð fyrir umrætt sinn. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvers vegna ofninn stóð frír úti á gólfinu. Þannig liggur ekki fyrir hvort það hafi gerst við tiltekt þeirra A og M í skúrnum eða áður. Hvað sem því líður eru ekki efni til að virða það M sérstaklega til sakar að fótur hennar hafi orðið undir ofninum er hann féll. A telst því bera fulla ábyrgð á líkamstjóni M. Af því leiðir að M á óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar A hjá V.

Reykjavík, 1. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.